

Móttökuáætlun Fellaskóla

Móttökuáætlun fyrir alla nýja nemendur sem byrja í skólanum. Áætlunin skiptist í fernt. Þar er tilgreint hvað skal gera og hver gerir hvað.

Innritun

- Forráðamenn nemanda skrá nemanda í skóla á rafrænni Reykjavík / gera skólanum viðvart um komu nemandans í skóla.
- Ákveðinn tími fyrir móttökuviðtal þar sem forráðamenn og nemandi mæta. Skólinn sér um að panta túlk ef þurfa þykir.

Undirbúningur

- Skólastjórnandi og umsjónarkennarar velja námshóp fyrir nemanda
- Skólastjórnandi boðar móttökuviðtal í samráði við umsjónarkennara.
- Umsjónarkennari undirbýr komu nemandans. Merkir hólf, bækur, útbýr stundatöflu, setur nemanda í smíðjuhóp og hugar að valgreinum.
- Umsjónarkennari undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda, finnur móttökuvín og tilkynnir jafnframt öðrum kennurum sem kenna bekknum um komu hans.

I. 6 ára – undirbúningur fyrir 1. bekk – verkferill:

1. Febrúar:
 - Smíðjur í Fellaskóla fyrir skólabyrjendur á leikskólunum Holti og Ösp (aðstoðarskólastjóri).
2. Maí:
 - Þriggja daga vorskóli fyrir tilvonandi nemendur Fellaskóla (aðstoðarskólastjóri).
 - Kynning fyrir foreldra á fyrstu dögum haustsins (aðstoðarskólastjóri).
 - Skilafundir frá þjónustumiðstöð vegna einstaklingsmála (aðstoðarskólastjóri / starfsmenn stoðþjónustu).
3. Maí / júní:
 - Skilafundir frá leikskólum vegna einstaklingsmála (aðstoðarskólastjóri / starfsmenn stoðþjónustu).
 - Foreldrum sem þess óska boðið í heimsókn (kynning - aðstoðarskólastjóri).
4. Ágúst:
 - Innritunarviðtal hjá umsjónarkennara.
5. September:
 - Skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk (aðstoðarskólastjóri / deildarstjóri læsis).

II. Nýr nemandi – verkferill:

1. Upplýsinga aflað frá foreldrum.
2. Upplýsinga aflað frá fyrri skóla ef við á.
3. Boðað til móttökuviðtals (námsráðgjafi/aðstoðarskólastjóri). *Móttaka nemenda I.*

Í móttökuviðtali er barnið boðið velkomið, aflað nauðsynlegra upplýsinga, skólinn skoðaður, afhent stundaskrá og nauðsynlegar upplýsingar veittar (sjá gátlista í *Móttaka nemenda I*).

Aðrir sem sitja fund eru: Foreldri, umsjónarkennari, deildarstjóri stigs og deildarstjóri frístundaheimilis / fulltrúi frístundamiðstöðvar 111.

4. Barnið hefur skólagöngu næsta dag eða svo fljótt sem hægt er.
5. Upplýsingar berist til annarra kennara og hjúkrunarfræðings (Umsjónarkennari / námsráðgjafi).
6. Stöðumat – fundur með foreldrum, umsjónarkennara, deildarstjóra stigs (ef þörf krefur) og námsráðgjafa eftir u.þ.b. fjórar vikur. Ábyrgð: Námsráðgjafi.

III. Nemandi með sérþarfir - verkferill

Unnið skv. lið II hér að framan. Auk þess situr fulltrúi úr stoðþjónustuteymi fyrsta fund.

7. Upplýsinga aflað um niðurstöður athugana og greininga og haft samband við aðrar stofnanir ef þörf krefur.
8. Eftir að upplýsingar hafa verið veittar er unnin áætlun um stuðning og barn hefur síðan skólagöngu.
9. Stofnað teymi sem fundar innan fjögurra vikna. Skipaður teymisstjóri sem boðar til fundar.

IV. Nemandi sem er nýr Íslendingur / nýfluttur til Íslands

Unnið skv. lið II hér að framan en auk þess situr ÍSAT kennari fundinn ásamt, fulltrúa frá þjónustumiðstöð, félagsmiðstöð/ frístundaheimili og eftir atvikum hjúkrunarfræðingur.

Fyrsta viðtal: Stuðst er við Móttökuviðtal II. Ábyrgð: Námsráðgjafi. Í fyrsta viðtali er ákveðið hvort / hvenær farið er í kynnisferð um nánasta umhverfi (Leiknissvæði, sundlaug, félagsmiðstöð, bókasafn, heilsugæsla og eftir atvikum kirkja, verslanir o.s.frv.) Ábyrgð: Fulltrúi þjónustumiðstöðvar / skólastjóri.

Í fyrsta viðtali er einnig tekin ákvörðun dagsetningu móttökuviðtals 2.

Athugið að allir sem flytja til Íslands verða að fara í læknisskoðun á göngudeild Barnaspítala Hringins. Þanta tíma í s. 453 1000. Nemendur sem koma frá löndum utan EES svæðisins geta ekki byrjað í skólanum fyrr en niðurstöður læknisskoðunar liggja fyrir.

Eftir fyrsta viðtal:

1. Tekin ákvörðun um stuðning fyrir nemanda (ef þörf krefur): Ábyrgð: Aðstoðarskólastjóri.
2. Umsjónarkennari og kennari í íslensku 2 fara yfir hvernig móttöku og fyrstu skrefum í bekk (vikuáætlun í öllum námsgreinum) er háttað ásamt mati á stöðu nemanda.
3. Stöðumat fer fram innan sex til átta vikna og niðurstöður lagðar fram í móttökuviðtali 2. Ábyrgð: Umsjónarmaður íslenskuvers.

4. Móttökuviðtal 2 haldið. Á þeim fundi er farið yfir niðurstöður stöðumatsins.
Þátttakendur: Foreldri, umsjónarkennari og ísl. 2 kennari. Að loknu þessu samtali er mögulegt að fara í göngu um hverfið (sjá móttökuviðtal 1).